

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 28. maí 2026

Mál nr. S-83/2026:

Ákærvaldið

(Alla Rún Rúnarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Jörgen Má Guðnasyni

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 7. maí sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 9. febrúar 2026, á hendur Jörgen Má Guðnasyni, kt. [...], [...], Reykjavík,

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 25. janúar 2026, ekið bifreiðinni [...], sviptur ökurétti, eftir Hörgárbraut til norðurs við Stórholt á Akureyri, með allt að 61 kílómetra hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, en þar er leyfður hámarkshraði 50 kílómetrar á klukkustund.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar til handa skipuðum verjanda.

Ákærði hefur komið fyrir dóm og játað sök samkvæmt ákæru. Með játningu hans, sem ekki er ástæða til að efa að sé sannleikanum samkvæm, og gögnum málsins, er nægilega sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru er lýst og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða. Verður lagður dómur á málið án frekari sönnunarfærslu, sbr. heimildarákvæði 164. gr. laga nr. 88/2008.

Sakaferill ákærða, að því er hér skiptir máli, er sá að þann 26. september 2017 gekkst ákærði undir greiðslu sektar fyrir að aka sviptur ökurétti. Þann 8. janúar 2020 hlaut ákærði dóm, m.a. fyrir að aka sviptur ökurétti, og var ákærða gert að sæta fangelsi í 45 daga. Að lokum hlaut ákærði dóm þann 26. mars 2024 fyrir að aka sviptur ökurétti. Var refsing ákveðin fangelsi í 90 daga.

Ákærði er nú sakfelldur fyrir hraðakstur og að aka sviptur ökurétti. Við ákvörðun refsingar nú verður miðað við það að ákærði hafi ekið sviptur ökurétti í fjórða sinn. Refsing ákærða er ákveðin fangelsi í 60 daga.

Að kröfu ákærvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þ.e. þóknun skipaðs verjanda síns, eins og hún ákveðst í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.

Berglind Harðardóttir aðstoðarmaður dómara kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Jörgen Már Guðnason, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði greiði 141.360 krónur í sakarkostnað, þ.e. þóknun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns.